

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavíkurlugvelli, 18. mars 2015

Efni: Tillaga til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgnar (338. mál.)

Icelandair ehf. (hér eftir *Icelandair*) vill fá að koma á framfæri athugasemdum um ofangreinda þingsályktunartillögu er varðar seinkun klukkunnar og bjartari morgna. Icelandair ítrekar jafnframt þær athugasemdir sem félagið sendi vegna sambærilegrar þingsályktunartillögu, sem lögð var fram á síðasta þingi. Til viðbótar vill Icelandair koma eftirfarandi á framfæri.

1. Aðdragandi nógildandi tímareiknings

Núverandi tímaskráning hefur verið við lýði á Íslandi frá árinu 1968. Um hana hefur því ríkt sátt í rúmlega 45 ár. Frumvarp það sem varð að lögum nr. 6/1968, um tímareikning á Íslandi, var samið að fengnum tillögum frá sérfræðingum hins íslenska almanaks. Þá hafði tíðkast um alllangt skeið að flýta klukkunni um eina klukkustund að sumri til en seinka henni aftur að vetrinum. Samkvæmt frumvarpi því er varð að lögunum hafði þetta fyrirkomulag löngum verið umdeilt en sumartíminn var neyðarráðstöfun sem gripið var til í fyrri heimsstyrjöldinni. Í kjölfarið var sumartíminn innleiddur á Íslandi með lögum hinn 16. febrúar 1917.

Í ofangreindu frumvarpi var jafnframt vísað til þess að almennt þætti mönnum það kostur að fá að njóta sólarbirtu klukkutíma lengur að kvöldinu og hefðu því margir verið hlynntir flýttri klukku. Þá var bent á eftirfarandi ókosti við þágildandi fyrirkomulag:

- „1. Færsla klukkunnar tvisvar á ári veldur ruglingi á áætlunartímum flugvéla í millilandaflugi og er bæði flugfélögum og farþegum til ama.
2. Tvisvar á ári verður að endurstilla allar stimpilklukkur og móðurklukkukerfi á landinu. Þetta verður að gerast á skömmum tíma og er mikið verk.

3. Breytingarnar valda sífelldri rangtúlkun á hvers kyns tímatöflum svo sem flóðtöflum sem út eru gefnar af almanökum.
4. Ýmsar rannsóknir og mælingar, þar á meðal veðurathuganir, verða að fara fram á óbreyttum tímum árið um kring. Færsla klukkunnar raskar því vinnutilhögun á rannsóknarstöðvum og athugunarstöðvum og veldur stundum mistökum, jafnvel hjá æfðum starfsmönnum.
5. Færsla klukkunnar raskar svefnvenjum margra, sérstaklega ungbarna. Eru kvartanir um þetta mjög algengar.“

Til að koma í veg fyrir ofangreind vandamál var ákveðið að taka upp flýtta klukku allt árið en þannig urðu kostir sumartímans varðveittir Jafnframt var vísað til þess að miðtími Greenwich væri nýttur til viðmiðunar í alþjóðlegum viðskiptum, að breytingin myndi færa Ísland klukkutíma nær meginlandi Evrópu í tíma og að dagsbirtan myndi nýtast enn betur. Þeim ágalla var þó velt upp að myrkur væri um lengra skeið en ella þegar fólki færi til vinnu og börn til skóla. Það var hins vegar niðurstaða sérfræðinga að ávinningurinn yrði að öllum líkindum meiri en tapið hvað þetta snertir. Til að mynda var vísað til þess að lenging birtunnar síðdegis gæti dregið úr umferðarslysum skv. breskum rannsóknum.

Þrátt fyrir miklar tækni framfarir sem átt hafa sér stað frá árinu 1968 eiga þau rök sem búa að baki frumvarpi til laga nr. 6/1968 að mestu leyti enn við í dag, bæði hvað varðar mikilvægi þess að hafa sama tímareikning allt árið og að viðhalda núgildandi tímareikningi frekar en að seinka klukkunni. Það vekur því furðu Icelandair að breytingar á tímareikningi séu nú lagðar til eftir svo langa sátt um núgildandi fyrirkomulag. Hingað til hafa tillögur um breytingar á tímareikning einkum snúið að því að flýta klukkunni frekar en að seinka henni.

2. Alþjóðleg viðskipti

Í ofangreindri þingsályktunartillögu segir eftirfarandi um áhrif breytts tímareiknings á alþjóðleg viðskipti:

„Tillagan, verði hún samþykkt, leiðir vitaskuld til breyttrar tímaafstöðu Íslands gagnvart nágrannalöndum. Tímamunur minnkar um eina klukkustund milli Íslands og Ameríku en eykst um eina klukkustund milli Íslands og annarra Evrópulanda. Ekki verður séð, á tækniöld, að þetta þurfi að hafa teljandi áhrif á viðskipti og samskipti Íslendinga við útlönd.“

Icelandair mótmælir því að tillagan muni ekki hafa teljandi áhrif á viðskipti og samskipti við útlönd enda skortir allan rökstuðning fyrir þeirri fullyrðingu. Þvert á móti telur Icelandair að þau alþjóðlegu viðskiptakerfi, sem íslensk fyrirtæki hafa byggt upp, kunni að verða fyrir

miklum hnekkjum ef þingsályktunartillagan nær fram að ganga. Taka má eftirfarandi dæmi af starfsemi Icelandair.

Í fjölda áratuga hefur Icelandair byggt upp og viðhaldið leiðarkerfi á flugleiðum milli Evrópu og Norður-Ameríku með Ísland sem tengistöð. Þannig hefur félagið öðlast hefðarrétt að tilteknum afgreiðslutímum, hér á landi og erlendis ásamt því að allir kjarasamningar félagsins miðast við brottfarartíma á tilteknu tímabili á Keflavíkurflugvelli. Nái þingsályktunartillagan fram að ganga munu afgreiðslutímarnir hér á landi líklega færast fram um eina klukkustund og þar með gerbreyta þeim flugáætlunum sem rekstur félagsins hefur snúist um undanfarna áratugi. Þetta mun jafnframt leiða til aukins áhafnakostnaðar félagsins vegna skuldbindinga í kjarasamningum. Muni afgreiðslutímarnir ekki færast fram um eina klukkustund gæti Icelandair misst rétt sem félagið hefur öðlast að sambærilegum afgreiðslutímum á erlendum flugvöllum.

Þetta er einungis dæmi af einu íslensku fyrirtæki sem hefur byggt starfsemi sína í kringum nógildandi tímareikning hér á landi. Aukinn tímamunur á milli Íslands og annarra landa í Evrópu væri til þess fallinn að draga úr evrópsku samstarfi sem íslensk fyrirtæki hafa myndað.

3. Niðurlag


Í greinargerð með ofangreindri þingsályktunartillögu er víða nefnt að klukkan á Íslandi sé „rangt skráð“. Icelandair mótmælir þessari orðnotkun enda geta ræðst hentugleiki tímaskráningar út frá aðstöðum á hverjum stað fyrir sig. Að mati félagsins er hentugra fyrir íslenskar aðstæður að kjósa frekar bjartara síðdegi. Þannig nýtist dagurinn betur, bæði fyrir Íslendinga og erlenda ferðamenn sem koma hingað til lands.

Þá hefur því jafnframt verið mótmælt að seinkun klukkunnar muni hafa jákvæð heilsufarsleg áhrif, sérstaklega á ungmenni. Í þessu samhengi vill Icelandair benda sérstaklega á umsögn Almanaks Háskóla Íslands þar sem þingsályktunartillögunni er harðlega mótmælt.

Í ljósa alls ofangreinds leggst Icelandair gegn því að þingsályktunartillaga um seinkun klukkunnar og bjartari morgna nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Ah. Icelandair ehf.



Ari Guðjónsson

Lögfræðisviði Icelandair Group hf.